



Fjallabyggð, 30. júní 2021

Efni: Vegna brunahana við Lambafen

Umsögn slökkviliðsstjóra

Að beiðni deildarstjóra tæknideildar Fjallabyggðar vann slökkviliðsstjóri greiningu um hvort ástæða væri til þess að bæta við brunahana á milli Langeyrarveggar og hesthúsahverfis við Lambafen á Siglufirði.

Nú þegar er brunahani við hesthúsahverfið. Hann er á stofnlögn og vatnsprýstingur góður. Um 6 kg. Einn stútur er á brunahananum.



Séð frá brunahana í hesthúsahverfi í átt að Lambafeni.

Kæmi til aðgerða slökkviliðs við Lambafen þyrfti að leggja brunaslöngur frá hesthúsahverfinu og að Lambafeni. Samkvæmt loftmælingu í kortasjá Fjallabyggðar er vegalengdin um 181 m. Lagt meðfram vegi. Samhliða því hefur slökkvilið yfir að ráða tankbíl með 10000 l. af vatni og 3000 l. dælubíl með vatni sem alltaf yrðu notaðir í fyrstu aðgerðum. Að auki er hægt að tvöfalda það vatnsmagn með aðstoð frá einingu slökkviliðsins í Ólafsfirði. Þá eru lausar dætur til staðar til þess að efla mátt brunahanans í aðgerðum.



Vegalengd frá brunahana í hesthúsaferfi og að Lambafeni er um 181 m. sé lagt meðfram vegi.

Samanborið við aðra brunahana á Siglufirði og vegalengdir þeirra á milli má sjá samantekt hér að neðan.



Þéttbýliskort af Siglufirði með brunahönum

- Vegalengd frá: Hólavegur 69 að Fossvegi 21 = 297 m.
- Hólavegur 30 að Fossvegi 21 = 436 m.
- Hverfisgata 2 að Hávegi 2 = 267 m.
- Snorragata á mótis við Norðurtanga að steypustöð = 299 m.
- Suðurgata 76 að Hávegi 62 = 221 m.

Þá hefur slökkvilið einnig yfir að ráða búnaði til þess að sækja vatn í vatnsból nærri Lambafeni. Bæði í Fjarðará sem og í tjörn við Langeyraryveg




Staðir til vatnstöku nærri Lambafeni

Vegalengd frá: Lambafen að tjörn við Langeyrarveg 556 = 556 m.
Lambafen að Fjarðará við flugvöll = 615 m.

Miðað við þessar forsendur sem hér að ofan eru nefndar auk þess sem miðað er við bestu aðstæður hvað varðar færð og veðurfar telur slökkviliðsstjóri ekki tilefni til þess að bæta við brunahana á milli hesthúsahverfis og Langeyrarveggar við Lambafen. Rétt er að taka fram að tryggja verður snjómokstur að brunahana í hesthúsahverfi þegar aðstæður eru þannig.

Virðingarfyllst,


Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri

